

Mannverk
Bæjarlind 14-16
201 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. janúar 2015
Tilvísun: UST20141200133/mik

Efni; Umsókn um leyfi til að grafa 1 metra inn í fólkvanginn Hleina í tengslum við byggingarframkvæmdir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Hafnafjarðarkaupstað fyrir hönd Mannverk dagsett 23. desember 2014 vegna leyfis til að grafa 1 metra inn í fólkvanginn Hleina í tengslum við byggingarframkvæmdir á lóðinni Herjólfsgrötu 30.

Hleinar voru friðlýstir árið 2009 sem fólkvangur sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 399/2009. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að vernda fjöru og útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi sem vaxið er náttúrulegum gróðri svo sem mosa- og lynggróðri. Jafnframt að vernda búsetu landslag og menningarminjar sem finnast á svæðinu. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndunum í fólkvanginum. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnafjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar.

Lýsing

Vegna byggingaframkvæmdar á lóð sem liggur að mörkum fólkvangsins þarf að grafa 1 metra inn í fólkvangin við Herjólfsgrötu 30 fyrir grunnni hús sem til stendur að reisa á lóðinni. Húsið sjálft mun ekki ná inn í fólkvanginn. Svæðið sem til stendur að raska er ca. 10 m². Grafan verður í grunnni húsins og mun ekki vera þörf á að keyra henni innan fólkvangsins. Fyllt verður upp í grunnin með hrauni sem mun ná að sökkli kjallara byggingarinnar. Í tengslum við framkvæmdirnar verður sett upp girðing til að afmarka byggingarsvæðið. Girðingin mun ná inn á hið friðlýsta svæði, mislangt eftir aðstæðum. Girðingarnar munu standa á flötum steinum sem liggja á yfirborðinu og stingast því ekki í jörðina. Framkvæmdin færi fram í janúar 2015.

Áhrifamat

Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin sem lýst hér að ofan ekki líkleg til að skerða verndargildi fólkvangsins Hleinar og valda óafturkræfum breytingum á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti framkvæmdina eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:

- Samþykki fyrir framkvæmdinni fái frá Hafnafjarðarkaupstað.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik á ofangreindri verklýsingu.

Virðingarfyllst

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Sigrún Agústs dóttir
Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

Afrit: Hafnafjarðarbær, Málfríður Kristjánsdóttir, Strandgötu 6, 220 Hafnarfj.